

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir janúar – ágúst 2015 liggur nú fyrir og gefur upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Tekjujöfnuðurinn var lítilllega jákvæður sem er betri staða en gert hafði verið ráð fyrir. Innheimtar tekjur jukust um 24,4 ma.kr. milli ára en móti jukust greidd gjöld um 37,3 ma.kr. Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 24,9 ma.kr. samanborið við jákvætt handbært fé upp á 13,7 ma.kr. 2014. Þessi viðsnúningur milli ára skýrist að stórum hluta með því að leiðrétting verðtryggðra húsnæðislána sem gjaldfærð var á árinu 2014 kom til greiðslu nú í byrjun árs 2015. Þetta hefur eingöngu áhrif á sjóðshreyfingar en ekki rekstrarstöðu ársins 2015.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-ágúst 2015 (m.kr.)

	Milljónir króna		
	2013	2014	2015
Innheimtar tekjur	349.190	404.944	429.318
Greidd gjöld	370.155	391.507	428.856
Tekjujöfnuður	-20.965	13.437	462
Breyting rekstartengdra eigna og skulda	4.022	237	-25.373
Handbært fé frá rekstri	-16.943	13.674	-24.911
Fjárfestingahreyfingar	-24.121	-12.354	12.227
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-41.064	1.320	-12.684
Afborganir lána	-89.097	-137.732	-139.656
Innanlands	-86.626	-29.288	-31.060
Erlendis	-2.471	-108.444	-108.596
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-130.161	-136.412	-152.340
Lántökur	81.912	156.762	44.676
Innanlands	81.912	39.964	44.676
Erlendis	0	116.798	0
Breyting á handbæru fé	-48.249	20.350	-107.664

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 429,3 ma.kr. á fyrstu átta mánuðum ársins sem er 6% meira en innheimtist á sama tímabili í fyrra. Frávik frá fjárlagaáætlun er jákvætt um 8,5% en það skýrist að mestu leyti af óreglulegum eða tilfallandi liðum. Af heildartekjum tímabilsins námu skatttekjur og tryggingagjöld 378,4 ma.kr. sem er 7,5% meira en á sama tíma í fyrra. Þegar leiðrétt er fyrir fjármagnstekjuskatti ríkissjóðs sjálfs eru skatttekjur og tryggingagjöld 16,4 ma.kr. eða 4,6% yfir áætlun.

Skattar á tekjur og hagnað jukust um 13% á milli ára og námu samtals 151 ma.kr. Tekjuskattur einstaklinga nam 78,7 ma.kr. sem er 4,9% meira en í fyrra og 0,8 % yfir áætlun. Sé litið til staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars tímabilið janúar-ágúst þá jókst hún um 7,2% á milli ára. Hluti ríkissjóðs í henni, þ.e. tekjuskatturinn, jókst um 8,5%. Tekjuskattur lögaðila jókst um 39,9% frá fyrra ári og nam 37,2 ma.kr. en þar af nam sérstakur fjársýsluskattur 7,1 ma.kr. Ef hann er undanskilinn nemur aukningin í tekjuskatti lögaðila 17,8 % á milli ára. Rétt er að minna á að um bráðabirgðagreiðslur er að ræða fram að álagningu opinberra gjalda á lögaðila í október.

Fjármagnstekjuskattur skilaði samtals 35,1 ma.kr. á tímabilinu. Þar af nam fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði sjálfum 6,6 ma.kr. en sá hluti flokkast sem óreglulegur liður. Hin háa fjárhæð skýrist af



arðgreiðslu Landsbanka Íslands, en greiddur fjármagnstekjuskattur af henni nam 4,7 ma.kr. Ef þessi óreglulegi hluti er undanskilinn nemur fjármagnstekjuskattur 28,5 ma.kr. sem er 5 ma.kr. yfir áætlun og 8,1% aukning á milli ára.

1.1.1 Tekjur ríkissjóðs janúar – ágúst 2013-2015

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs			Breyting frá fyrra ári, %		
	2013	2014	2015	2013	2014	2015
Skatttekjur og tryggingagjöld	318.880	351.935	378.371	4,0	10,4	7,5
Skattar á tekjur og hagnað	112.524	133.628	151.005	6,8	18,8	13,0
Tekjuskattur einstaklinga	68.710	75.035	78.698	6,6	9,2	4,9
Tekjuskattur lögaðila	19.698	26.622	37.232	-3,8	35,2	39,9
Skattur á fjármagnstekjur	24.116	31.971	35.075	18,3	32,6	9,7
Eignarskattar	7.521	7.575	5.070	-3,4	0,7	-33,1
Skattar á vöru og þjónustu	142.806	150.927	160.177	2,8	5,7	6,1
Virðisaukaskattur	93.031	100.791	110.034	2,7	8,3	9,2
Vörugjöld af ökutækjum	3.188	3.457	4.720	11,2	8,4	36,5
Vörugjöld af bensíni	7.810	7.736	7.951	-1,6	-0,9	2,8
Skattar á olíu	4.345	4.582	4.923	-0,4	5,5	7,4
Áfengisgjald og tóbaksgjald	11.502	12.193	12.471	4,8	6,0	2,3
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	22.930	22.168	20.078	3,2	-3,3	-9,4
Tollar og aðflutningsgjöld	3.581	3.610	3.655	-25,2	0,8	1,2
Aðrir skattar	7.576	8.534	7.757	14,0	12,6	-9,1
Tryggingagjöld	44.873	47.661	50.707	4,1	6,2	6,4
Fjárframlög	123	114	150	-78,2	-7,3	31,6
Aðrar tekjur	29.522	51.569	50.796	21,3	74,7	-1,5
Sala eigna	664	1.326	-	-	-	-
Tekjur alls	349.190	404.944	429.318	4,9	16,0	6,0

Eignarskattar drógust talsvert saman frá fyrra ári eða um 33,1% og námu þeir 5,1 ma.kr. sem er 1,2 ma.kr. yfir áætlun. Samdrátturinn milli ára skýrist af brottfalli auðlegðarskatts frá og með síðustu áramótum. Stimpilgjöld námu 2,5 ma.kr. sem er 10,4% yfir áætlun og aukning um 13,3% frá því í fyrra. Skýring á þeirri aukningu liggur án efa í vaxandi umsvifum á fasteignamarkaði. Tekjur af erfðafjárskatti jukust um 9,7% á milli ára og námu 1,4 ma.kr sem er á áætlun.

Skattar á vöru og þjónustu jukust um 6,1% á milli ára og námu þeir samtals 160,2 ma.kr. sem er 2,8 ma.kr. eða 1,8% yfir áætlun fjárlaga. Virðisaukaskattur, sem vegur þyngst í þessum flokki skatta, nam 110 ma.kr. sem er 0,3 ma.kr. eða 0,3% yfir áætlun fjárlaga og aukning um 9,2% á milli ára. Í ljósi meiri eftirspurnar en forsendur fjárlaga gerðu ráð fyrir, einkum þegar horft er til einkaneyslu, er þetta jákvæða frávik heldur minna en við hefði mátt búast.

Vörugjald af ökutækjum nam 4,7 ma.kr. sem er 0,8 ma.kr. yfir áætlun og 36,5% meira en í fyrra, en aukningin milli ára skýrist af fjölgun innfluttra bifreiða. Vörugjöld af bensíni eru 0,2 ma.kr. yfir áætlun og skiluðu þau 8 ma.kr. sem er 2,8% meira en í fyrra. Olíugjaldið, sem jókst um 7,4% á milli ára, skilaði 4,9 ma.kr. en það er 0,2 ma.kr. yfir áætlun. Kolefnisgjaldið er 0,2 ma.kr. undir áætlun og skilaði 2,2 ma.kr. sem er 2,2% meira en í fyrra. Vegna endurgreiðslna er dreifing kolefnisgjaldsins nokkuð breytileg milli mánaða. Innheimta bifreiðagjalds, sem er á gjalddaga í janúar og í júlí ár hvert, er lítillega undir áætlun og nam 6,2 ma.kr. tímabilið janúar-ágúst.

Tekjur af áfengisgjaldi námu 8,5 ma.kr. sem er 2,1% yfir áætlun og aukning um 4,2% á milli ára. Tekjur af tóbaksgjaldi eru 2,1% undir áætlun og námu 4 ma.kr. sem er 1,6% samdráttur frá fyrra ári. Sala áfengis á



fyrstu átta mánuðum ársins mæld í vínanda jókst um 1,2% á milli ára en tóbakssala dróst saman um 2,5% að magninu til.

Tollar og aðflutningsgjöld námu 3,7 ma.kr. sem er 0,3 ma.kr. yfir áætlun og 1,2% aukning frá fyrra ári.

Tekjur af tryggingagjöldum námu 50,7 ma.kr. á tímabilinu sem er á áætlun og 6,4% aukning frá því í fyrra. Þar af nam almenna tryggingagjaldið (ásamt Fæðingarorlofssjóði) 40,4 ma.kr. og atvinnuþryggingagjaldið 9,8 ma.kr.

Aðrir skattar eru 0,5 ma.kr. undir áætlun og námu samtals 7,8 ma.kr. sem er samdráttur upp á 9,1% á milli ára. Þar af námu skattar á launagreiðslur og vinnuafll 4 ma.kr. Fjársýsluskatturinn dróst saman um 8% milli ára og nam 1,9 ma.kr. sem er 0,3 ma.kr. undir áætlun. Samdrátturinn á milli ára stafar að hluta af því að innheimtan í janúar 2014 byggðist á 6,75% skatthlutfalli en 5,5% í janúar 2015.

Aðrar tekjur en skatttekjur drógust saman um 1,5% milli ára á fyrstu átta mánuðum ársins og námu samtals 50,8 ma.kr. Stærsti einstaki liðurinn er 23,5 ma.kr. arður frá Landsbankanum sem greiddur var í lok mars. Tekjur af arði frá öðrum félögum námu 5,7 ma.kr. Vaxtatekjur námu samtals 9,3 ma.kr. sem er 3,4% minna en á sama tímabili í fyrra og veiðigjaldið skilaði 5,4 ma.kr. á tímabilinu sem er 4,3% minna en í fyrra.

Greidd gjöld námu 428,9 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 37,3 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 9,5% sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til einstakra málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

Þróun útgjalda eftir málaflokkum janúar-ágúst 2013-2015

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári		
	2013	2014	2015	2013	2014	2015
Fjármagnskostnaður	51.775	53.281	55.265	-3,5	2,9	3,7
Almenn opinber þjónusta	33.806	34.460	36.405	10,1	1,9	5,6
Almannatryggingar og velferðarmál	90.432	92.593	93.995	-3,5	2,4	1,5
Heilbrigðismál	83.436	89.923	97.569	7,1	7,8	8,5
Efnahags- og atvinnumál	35.438	40.279	59.566	1,5	13,7	47,9
Menntamál	35.324	36.206	38.769	2,7	2,5	7,1
Menningar, íþróttar og trúmál	12.128	12.377	12.534	10,8	2,1	1,3
Lög- og réttargæsla	14.487	14.656	14.840	2,9	1,2	1,3
Önnur útgjöld	13.330	17.731	19.913	8,8	33,0	12,3
Gjöld alls	370.155	391.507	428.856	2,1	5,8	9,5

Þróun málaflokkanna er rakin frekar í greiningu á frávikum hvers málaflokks. Þegar fjallað er um áætlun hér að neðan er átt við fjárlög og fjárukalög fyrir þetta tímabil eins og þeim hefur verið dreift yfir árið út frá áætlaðri dreifingu raunútgjalda. Þá er búið að bætast inn í áætlunina flutt fjárheimildastaða frá fyrra ári sem bætist við eða dregst frá heimildum ársins eftir því hvernig staða fyrri ára.

Útgjöld einstakra málaflokka - frávik milli ára janúar-ágúst 2014-2015

	2015	2014	% breyt.
Æðsta stjórnarsýsla og löggjafarvald	2.663	2.697	-1,3
Fjármálastjórnarsýsla ríkisins	7.047	6.560	7,4
Utanríkismál	8.278	8.191	1,1



Önnur almenn opinber þjónusta	6.620	5.932	11,6
Fjármagnskostnaður	55.265	53.281	3,7
Almenn fjárframlög til sveitarfélaga	11.797	11.079	6,5
Almenn opinber þjónusta	91.671	87.741	4,5
Lög- og réttargæsla	14.840	14.656	1,3
Almenn atvinnumál og markaðseftirlit	4.225	4.202	0,6
Landbúnaðarmál	8.867	9.787	-9,4
Samgöngumál	16.619	16.181	2,7
Rannsóknir og þróun í efnahags- og atv.málum	3.738	3.315	12,7
Niðurfærsla verðtryggðra húsnæðislána	18.947	0	-
Önnur efnahags- og atvinnumál	7.169	6.794	5,5
Efnahags- og atvinnumál	59.566	40.279	47,9
Lyf og lækningavörur	12.363	12.145	1,8
Heilsugæsla	20.142	17.728	13,6
Sjúkrahúsþjónusta	42.616	38.991	9,3
Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir	19.366	18.311	5,8
Heilbrigðiseftirlit og stjórnsýsla	3.083	2.749	12,1
Heilbrigðismál	97.569	89.923	8,5
Menningarmál	5.787	5.767	0,3
Íþróttir, fjölmiðlun, félags- og trúmál	6.747	6.610	2,1
Menningar- og félagsmál	12.534	12.377	1,3
Framhaldsskólastig	14.690	13.194	11,3
Háskólastig	20.984	20.189	3,9
Önnur menntamál	3.095	2.823	9,6
Menntamál	38.769	36.206	7,1
Örorka og fötlun	23.504	22.872	2,8
Öldrun	32.957	30.776	7,1
Fjölskyldur og börn	16.709	15.916	5,0
Atvinnuleysi	8.238	9.848	-16,3
Vaxtabætur	7.060	8.172	-13,6
Önnur trygginga- og velferðarmál	5.526	5.009	10,3
Almannatryggingar og velferðarmál	93.995	92.593	1,5
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun	8.212	7.127	15,2
Fjármagnstekjuskattur	6.611	5.646	17,1
Annað	5.089	4.959	2,6
Önnur útgjöld	19.913	17.731	12,3
Gjöld alls	428.856	391.507	9,5

Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu jukust um 4,5% milli ára en voru lægri en gert hafði verið ráð fyrir og námu 91,7 ma.kr. Fjármagnskostnaður ríkissjóðs skýrir stærstan hluta af þessari upphæð eða rúm 60%, en hann nam 55,3 ma.kr. á tímabilinu. Greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga námu 11,8 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítillega milli ára sem var í samræmi við það sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Útgjöld



vegna utanríkismála námu 8,3 ma.kr. og útgjöld vegna fjármálastjórnsýslu ríkisins námu rúmum 7 ma.kr. Þá námu útgjöld til annarra liða sem falla undir almenna opinbera þjónustu um 9,3 ma.kr. sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir.

Útgjöld vegna lög- og réttargæslu námu um 14,8 ma.kr. og voru svipuð og á síðasta ári. Stærstu útgjaldapættirnir eru útgjöld Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem námu 2,6 ma.kr. á tímabilinu og útgjöld Landhelgisgæslu Íslands sem námu 2,2 ma.kr. Þá námu útgjöld Ríkislögreglustjóra 1,1 m.kr. og annarra lögregluembætta 2,8 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld héraðsdómstóla námu 981 m.kr., útgjöld Fangelsismálastofnunar 962 m.kr. og útgjöld sérstaks saksóknara 450 m.kr.

Útgjöld til efnahags- og atvinnumála námu 59,6 ma.kr. á tímabilinu og jukust töluvert á milli ára sem var í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Stærsti útgjaldaliður þessa flokks er niðurfærsla vegna verðtryggðra húsnæðislána en gjaldfærsla vegna hennar nam 18,9 ma.kr. á tímabilinu sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir en engin gjaldfærsla var vegna þessa á sama tímabili 2014 þegar gjaldfærslan kom undir lok ársins. Útgjöld til samgöngumála námu rúmum 16,6 ma.kr. sem er lítilsháttar aukning frá fyrra ári en minna en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld Vegagerðarinnar skýra þetta að stærstum hluta og námu þau 13,7 ma.kr. á fyrstu átta mánuðum ársins. Útgjöld vegna landbúnaðarmála námu 8,9 ma.kr. og dragast lítillega saman á milli ára en greiðslur vegna landbúnaðarframleiðslu skýra þessi útgjöld að stærstu leyti og námu þau 7,3 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld vegna almennra atvinnumála og markaðseftirlits námu 4,2 ma.kr., útgjöld vegna rannsókna og þróunar í efnahags- og atvinnumálum 3,7 ma.kr. og útgjöld vegna annarra efnahags- og atvinnumála 7,2 ma.kr.

Útgjöld til heilbrigðismála námu rúmum 97,6 ma.kr. og jukust um 7,6 ma.kr. milli ára. sem er 4,3 ma.kr. umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir sem skýrist að stórum hluta með halla fyrri ára sem dregst frá heimildum ársins. Útgjöld vegna lyfja og lækningavara námu 12,4 ma.kr. sem er lítilsháttar aukning frá fyrra ári og svipað og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna heilsugæsluþjónustu námu 20,1 ma.kr. samanborið við 17,7 ma.kr. á sama tímabili 2014 sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Af þeim útgjöldum námu greiðslur Sjúkratrygginga vegna heilsugæsluþjónustu 9,2 ma.kr. og útgjöld Heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu 3,6 ma.kr. Útgjöld vegna sjúkrahússþjónustu námu 42,6 ma.kr. samanborið við tæpa 39 ma.kr. 2014. Langstærstur hluti þessara útgjalda skýrist með útgjöldum Landspítala sem námu 30,8 ma.kr. en útgjöld Sjúkrahússins á Akureyri námu tæpum 4 ma.kr. og annarra heilbrigðisstofnana 5,5 ma.kr. Útgjöld vegna hjúkrunar- og endurhæfingarstofnana námu tæpum 19,4 ma.kr. og jukust um rúman 1 ma.kr. milli ára sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Þá námu útgjöld vegna heilbrigðiseftirlits og stjórnsýslu 3,1 ma.kr. á tímabilinu.

Útgjöld til menningar- og félagsmála námu um 12,5 ma.kr. á tímabilinu og voru svipuð og á fyrra ári og heldur lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til menningarmála skýra 5,8 ma.kr. og voru svipuð og á fyrra ári. Útgjöld vegna íþróttar, fjölmiðlunar, félags- og trúmála námu 6,7 ma.kr. þar sem helstu útgjaldapættir eru Ríkisútvarpið 2,4 ma.kr. og útgjöld vegna kirkju- og sóknamála samtals 3,5 ma.kr. Útgjöld til menntamála námu 38,8 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 2,6 ma.kr. milli ára en voru lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna framhaldsskólastigs námu 14,7 ma.kr. og hærri en á fyrra ári eins og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna háskólastigs námu um 21 ma.kr. og jukust á milli ára eins og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld Háskóla Íslands námu 8,4 ma.kr. á tímabilinu og útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna 8,2 ma.kr. Þá námu útgjöld vegna annarra menntamála um 3,1 ma.kr. á tímabilinu.



Útgjöld vegna almannatrygginga og velferðarmála námu tæpum 94 ma.kr. á tímabilinu janúar - ágúst og jukust um 1,4 ma.kr. milli ára sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Undir þennan flokk falla stórir bóталиðir og skýra þeir langstærstan hluta útgjaldanna. Útgjöld vegna örorku- og fötlunarmála námu 23,5 ma.kr. þar sem mest munar um hlutdeild lífeyristrygginga í þessum málaflokki. Útgjöld vegna öldrunarmála námu tæpum 33 ma.kr. og aftur skýrir hlutdeild lífeyristrygginga stærstan hluta ásamt bótum samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Útgjöld vegna fjölskyldu- og barnamála námu 16,7 ma.kr. þar sem barnabætur og útgjöld vegna fæðingarorlofs skýra stærstan hluta útgjalda. Útgjöld vegna atvinnuleysis námu 8,2 ma.kr. samanborið við 9,8 ma.kr. í fyrra sem er í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir og skýrist með lækkingu atvinnuleysis á milli ára. Útgjöld vegna annarra trygginga- og velferðarmála námu 5,5 ma.kr.

Önnur útgjöld námu 19,9 ma.kr. á tímabilinu samanborið við 17,7 ma.kr. á fyrra ári. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga námu 8,2 ma.kr. á tímabilinu, samanborið við 7,1 ma.kr. á fyrra ári. Þá nam greiddur fjármagnstekjuskattur ríkisins 6,6 ma.kr. samanborið við 5,6 ma.kr. á fyrra ári.

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnuður ársins var neikvæður um 12,7 ma.kr. en á sama tíma í fyrra var hann jákvæður um 1,3 ma.kr. Afborganir lána námu samtals 139,7 ma.kr. og þar af námu erlendar afborganir 108,6 ma.kr. Lántökur á tímabilinu námu alls 44,7 og voru allar innlendar.

Á fyrsta fjórðungi þessa árs leysti ríkissjóður til sín um 100 milljónir dollar eða tæplega 10% af skuldabréfi sem gefið var út í Bandaríkjadöllum árið 2011 og er á gjalddaga í júní 2016.

Í maí greiddi ríkissjóður fyrirfram lán frá Póllandi sem tekið var árið 2009 í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda eftir fall fjármálakerfisins, sem studd var af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Um var að ræða endurgreiðslu að fjárhæð 204 milljónir slota, jafnvirði um 7,3 milljarða króna.

Í júlí greiddi ríkissjóður upp eftirstöðvar svokallaðs Avens skuldabréfs að fjárhæð 192 milljónir evra auk vaxta. Upphaflegt nafnverð bréfsins var 402 milljónir evra og var það afborgunarbréf, gefið út árið 2010 með lokagjalddaga 2025.

Í ágúst leysti ríkissjóður til sín að nafnvirði 400 milljónir bandaríkjadala til viðbótar af útgáfunni frá árinu 2011. Heildarnafnverð útgáfunnar nam 1.000 milljónum Bandaríkjadala. Á fyrsta fjórðungi þessa árs keypti ríkissjóður tæplega 10% af útgáfunni og nema eftirstöðvar skuldar ríkissjóðs í ofangreindum skuldabréfum nú um 503 milljónum Bandaríkjadala eða um 68 ma.kr.